



# Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Ríkisendurskoðun

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2018



Október 2019

# Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir árið 2018.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun veur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyriræli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands var síðast endurskoðaður 2016 vegna ársins 2015.

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	2	6.2	Launagjöld.....	13
1 Ábendingar og athugasemdir .....	4	6.3	Önnur rekstrargjöld .....	13
2 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum .....	5	6.4	Niðurstöður/ábendingar.....	14
2.1 Viðbrögð Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.....	5	<b>7 Endurskoðun efnahagsliða .....</b>	<b>15</b>	
3 Fjárveiting og rekstur .....	6	7.1 Eignir.....	15	
3.1 Fjárveitingar .....	6	7.2 Eigið fé og skuldir.....	17	
3.2 Rekstraráætlun.....	7	7.3 Niðurstöður/ábendingar.....	18	
3.3 Niðurstöður/ábendingar.....	7	<b>8 Önnur atriði .....</b>	<b>19</b>	
4 Innra eftirlit .....	8	8.1 Samþykkt ársreiknings.....	19	
4.1 Inngangur .....	8	8.2 Lögfræðibréf.....	19	
4.2 Umfjöllun .....	8	8.3 Óhæðisyfirlýsing.....	19	
4.3 Niðurstöður/ábendingar.....	9	8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	19	
5 Fylgni við lög og reglur.....	10			
5.1 Inngangur .....	10			
5.2 Niðurstöður.....	11			
6 Endurskoðun rekstrarliða.....	12			
6.1 Sértekjur .....	12			

# 1 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum og athugasemdum en smávægilegum ábendingum var komið beint á framfæri við stjórnendur þegar endurskoðunarvinna fór fram.

1

## Innra eftirlit - almennt

Skjalfesta þarf helstu verkferla og innra eftirlit sem snýr að fjármálum og rekstri og skilgreina ábyrgðasvið. Aðgreina þarf betur störf gjaldkera og bókara. Fara þarf yfir aðgang starfsmanna að einstökum kerfum í bókhaldi stofnunarinnar og loka óviðeigandi aðgangi. Það sama þarf að gera varðandi aðgang að bankareikningum stofnunarinnar.

2

## Innra eftirlit - tekjuskráning

Tryggja þarf að allar tekjur skili sér í bókhald stofnunarinnar. Skrá þarf alla tekjuferla og halda þarf utan um samninga sem liggja til grundvallar innheimtu tekna og vista í málaskrá. Taka þarf til skoðunar hvort ekki henti betur að nota AR kerfi Orra við útgáfu allra reikninga hjá stofnuninni frekar en þau kerfi sem nú eru notuð.

3

## Bankareikningar og vörslufé

Fara þarf yfir bankareikninga og skrá þá bankareikninga sem ekki eru skráðir í fjárhagsbókhaldi eða loka reikningum ef þeir eru ekki hluti af starfsemi stofnunarinnar. Færa þarf bankareikninga á eldri kennitölum á kennitölu stofnunarinnar og taka til athugunar að afskrá eldri kennitölur hjá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra.

4

## Viðskiptakröfur og skuldir

Setja þarf vinnu í að stemma af og gera upp einstakar viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir þar sem töluvert er um útistandandi eldri kröfur og skuldir í viðskiptamannabókhaldi stofnunarinnar. Bæta þarf afstemmingar m.a. vegna kortaviðskipta.

5

## Fylgni við lög og reglur

Setja þarf fram innkaupastefnu fyrir stofnunina og skjalfesta reglur um innkaup. Bæta þarf uppgjör og frágang ferðareikninga. Ljúka þarf vinnu þannig að Styrktar- og gjafasjóður Heilbrigðisstofnunar Suðurlands verði sem fyrst sjóður með skipulagsskrá.

## 2 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum

### 2.1 Viðbrögð Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands vegna ábendinga og athugasemda sem gerðar eru vegna endurskoðunar ársins 2018 í þessari skýrslu, sjá niðurstöður í kafla 1. Í svörum stjórnenda kemur fram að ætlun þeirra er að taka fullt tillit til ábendinga og athugasemda og nýta við stjórnun og stefnumótun.

#### 1. Innra eftirlit – almennt

Komið verður á aðgreiningu á störfum gjaldkera og bókara eftir því sem hægt er m.v. samsetningu starfsmanna á skrifstofu fjármála. Hvað varðar aðgangsmál verður ábyrgð þess málaflokks færð til fjármálastjóra, bæði hvað varðar bókhaldskerfi sem og bankareikninga. Þá liggur fyrir að hefja vinnu við að skjalfesta helstu verkferla og skilgreina ábyrgðasvið.

#### 2. Innra eftirlit – tekjuskráning

Nú þegar er hafin vinnu við úrbætur á skjölun samninga um tekjur stofnunarinnar. Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR) hefur til þessa verið notað fyrir meirihluta útgefinna reikninga m.a. samkvæmt tilmælum frá Fjársýslu ríkisins. Fullur vilji er fyrir því að nota AR viðskiptakröfuhluta fjárhagskerfisins fyrir útgáfu allra reikninga.

#### 3. Bankareikningar og vörslufé

Nú þegar hefur verið hafist handa við að loka reikningum sem ekki eru notaðir fyrir stofnunina og eru frá eldri tíð, sem og að loka kennitölum eldri stofnana. Þó þarf að taka tillit til 1-2 eldri kennitalna sem enn eru

nýttar við VSK uppgjör á Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustri í samræmi við óskir Ríkisskattstjóra þar um. Það mál verður skoðað sérstaklega á næstu vikum.

#### 4. Viðskiptakröfur og skuldir

Á árinu 2019 hefur að mestu verið lokið við afstemmingar á eldri viðskiptakröfum og -skuldum og gerðar viðeigandi ráðstafanir. Þá hefur vinnu við afstemmingar kortaviðskipta verið komið í ákveðinn farveg.

#### 5. Fylgni við lög og reglur

Innkaupastefna HSU er frá árinu 2005 og uppfærð árið 2017 en ekki staðfest af yfirstjórn. Fyrir liggur að innkaupastefnan verði uppfærð og skjalfest. Innkaupastefna HSU hefur gegnum árin í reynd verið unnin í samræmi við innkaupastefnu ríkisaðila og tekur til allra heilsugæslustöðva, stofnana og deilda innan HSU. Ferðareikningar árið 2019 verða gerðir í samræmi við leiðbeiningar Fjársýslu ríkisins. Undirbúningur við skráningu Styrktar- og gjafasjóðs HSU á Selfossi er hafinn.

## 3 Fjárveiting og rekstur

### 3.1 Fjárveitingar

#### 3.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting ársins 2018<sup>1</sup> til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands nam 4.822,2 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2018. Til viðbótar þeirri fjárveitingu bætast við millifærslur af fjárlagaliðum heilbrigðisráðuneytis samtals að fjárhæð 259,2 m.kr. og afsláttur af húsaleigu hjá Ríkiskaupum 25,0 m.kr. Þá var 8,0 m.kr. rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestingar og rekstrarfjárveiting lækkuð um 4,2 m.kr. í fjárukalögum. Tekjufærsla frestaðra tekna vegna afskrifta nam 50,6 m.kr. og launabætur námu 28,2 m.kr. Endanlegar fjárveitingar vegna reksturs Heilbrigðisstofnunar Suðurlands námu því 5.173,0 m.kr. á árinu 2018.

Gjöld að frádregnum sértekjum námu samtals 5.288,7 m.kr. og voru því um 115,7 m.kr. hærri en fjárveitingar ársins eða um 2,2%. Gjöld að frádregnum sértekjum hækkuðu um 360,8 m.kr. milli ára eða um 7,3%.

Á árinu 2017 voru gerðar grundvallarbreytingar á reikningshaldslegri meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og eignakaupa. Í stað þess að gjaldfæra keyptar eignir á kaupári eru þær nú eignfærðar og afskriftir gjaldfærðar. Afskriftir ársins námu 50,6 m.kr.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2018:

<sup>1</sup> Fjárveitingar, samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF), eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila,

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2018

Í þús. kr.	Fjárveiting 2018	Rekstur 2018	Frávik 2018	Rekstur 2017
Sértekjur	-573.900	-866.387	292.487	-1.118.015
Launagjöld	4.206.468	4.062.460	144.008	3.901.671
Önnur rekstrargjöld	1.540.448	2.092.517	-552.069	2.145.291
Rekstrartilfærslur	0	0	0	0
Aðrar tilfærslur	0	108	-108	0
<b>Samtals</b>	<b>5.173.015</b>	<b>5.288.699</b>	<b>-115.683</b>	<b>4.928.947</b>

#### 3.1.2 Fjárveiting – heimild til fjárfestingar

Heilbrigðisstofnun Suðurlands fékk ekki heimild til fjárfestingar eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2018. Í fjárukalögum fékk stofnunin 37,0 m.kr. í fjárveitingu til fjárfestingar og þá var 8,0 m.kr. rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestingar. Heimild til fjárfestingar fyrir Heilbrigðisstofnun Suðurlands nam því 45,0 m.kr. á árinu 2018.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam 93,2 m.kr. að meðtöldum gjöfum til fjárfestinga 27,9 m.kr. sem kemur til hækkunar á eignum og

verkefna eða varasjóðs. En fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjárukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

afskriftir til lækkunar námu 50,7 m.kr. Bókfært verð seldra eigna nam 3,5 m.kr.

### **3.2 Rekstraráætlun**

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Rekstraráætlun Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir árið 2018 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins (Orra).

### **3.3 Niðurstöður/ábendingar**

Á árinu 2018 fór rekstur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands 115,7 m.kr. fram úr fjárveitingum. Uppsafnaður neikvæður höfuðstóll nam 106,7 m.kr. í árslok 2018.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 4.2 Umfjöllun

Ákveðið innra eftirlit er fyrir hendi hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands en töluvert skortir á að það sé nægjanlega skilvirkt. Ítrekaðar eru fyrri athugasemdir um að stofnunin hafi ekki skjalfest nægjanlega verkferla sína sem varða innra eftirlit. Mikilvægt er að helstu verkferlar sem snúa að fjármálum og rekstri stofnunarinnar verði skjalfestir og ábyrgðarvið skilgreind.

Ekki er hugað nægjanlega vel að aðgreiningu starfa á skrifstofu forstjóra sem lúta að skráningu í bókhald og greiðslu reikninga þar sem sami starfsmaður getur bæði greitt reikninga og bókað í fjárhagsbókhald. Taka þarf starfaaðgreiningu til gagn Gerrar endurskoðunar en nauðsynlegt er að störf gjaldkera og bókara séu aðskilin. Einnig er mikilvægt að afstemmingar á hinum ýmsu liðum bókhaldsins séu gerðar reglulega og séu hluti af ábyrgðarsviði starfsmanna sem í hlut eiga.

Aðgangur að einstökum kerfishlutum í Orra og öðrum kerfum sem notuð eru og hvernig aðgangurinn er skilgreindur er stór hluti af því innra eftirlitskerfi sem til staðar er í stofnuninni. Á árinu 2019 var farið yfir aðgang einstakra starfsmanna og aðgangi lokað hjá starfsmönnum sem hættir eru störfum. Við skoðun aðgangsheimilda eftir þær breytingar kom þó í ljós að í einhverjum tilvikum hafa starfsmenn skráningaraðgang að kerfum sem hugsanlega samrýmist ekki störfum þeirra. Það er því full ástæða til að farið verði aftur yfir aðgangsheimildir með þetta í huga og aðgangi lokað þar sem það á við. Einnig er brýnt að farið verði yfir hverjir eigi að hafa prókúru á einstaka bankareikninga stofnunarinnar og óviðeigandi aðgangi að bankareikningum verði lokað strax.

Tekjuskráning vegna læknisþjónustu fer fram í Sögukerfinu og eru uppgjör úr kerfinu grundvöllur tekjuskráningar í fjárhagsbókhaldi. TBR kerfið er notað til að gera reikninga og í einhverjum tilvikum er DK kerfið notað. Í afmörkuðum tilvikum er haldið utan um tekjur utan tekjuskráningarkerfa. Mikilvægt er að allar tekjur séu skráðar í viðurkennd tekjuskráningarkerfi, að allir tekjuskráningarferlar séu skráðir og tryggt sé að allar tekjur séu innheimtar í samræmi við þá. Halda þarf utan um samninga sem liggja til grundvallar innheimtu tekna og vista í málaskrá til að tryggja að reikningar séu gerðir á grundvelli þeirra.

Mannauðsstjóri sér um að gera ráðningarsamninga en framkvæmdastjórar einstakra sviða undirrita ráðningarsamninga í umboði forstjóra. Allar breytingar á ráðningarsamningum eru gerðar með formlegum hætti og samþykktar af framkvæmdastjórum. Tímaskráning starfsmanna fer fram í Vinnustund. Farið er yfir tímaskráningu og hún sérstaklega samþykkt fyrir



hver mánaðarmót áður en til greiðslu kemur. Jafnframt er haldið utan um viðveru og fjarveru starfsmanna í Vinnustund. Staða orlofsskuldbindingar er reiknuð mánaðarlega í mannauðskerfi (HR) á grundvelli upplýsinga úr Vinnustund. Unnið er að gerð verklagsreglna við afgreiðslu launa í tengslum við jafnlaunavottun.

Rafrænt samþykktarferli er notað til að samþykkja alla reikninga sem stofnuninni berast. Fara þarf yfir samþykktarferil og skoða hvort hann sé í samræmi við reglur. Æskilegt er að tveir aðilar komi að samþykkt útgjalda auk þess að tryggja þarf að forstjóri komi að samþykkt stærri útgjalda og tiltekinna útgjalda eins og t.d. vegna risnu. Tryggja þarf að þeir starfsmenn sem hafa innkaupakort noti þau í samræmi við þær reglur sem í gildi eru um slík kort.

### 4.3 Niðurstöður/ábendingar

Nokkuð skortir á að skipulag innra eftirlits sé nægjanlega skilvirkt hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Ríkisendurskoðun leggur til að unnið verði að því að bæta eftirfarandi þætti i innra eftirlitsumhverfi stofnunarinnar:

Helstu verkferlar og innra eftirlit sem snýr að fjármálum og rekstri verði skjalfest og ábyrgðasvið skilgreind.

Aðgreining starfa sem snúa að skráningu í bókhald og greiðslu reikninga verði endurskilgreind.

Fara þarf yfir hvernig aðgangi starfsmanna að einstökum kerfum í bókhaldi stofnunarinnar er háttað og loka óviðeigandi aðgangi. Það sama þarf að gera varðandi aðgang að bankareikningum stofnunarinnar.

Tryggja þarf að allar tekjur skili sér í bókhald stofnunarinnar.

Fara þarf yfir samþykktarferli útgjalda og tryggja að það sé í samræmi við settar reglur stofnunarinnar um samþykki reikninga

## 5 Fylgni við lög og reglur

### 5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3.

#### 5.1.1 Ferðakostnaður

Farið er í meginatriðum að reglum Fjársýslu ríkisins um ferðakostnað. Ferðareikningi erlendis er skilað á eyðublaði sem Fjársýslan hefur látið gera og fer uppgjör ferða eftir þeim útreikningi. Bæta þarf uppgjör og frágang ferðareikninga í samræmi við reglur nr. 1/2009 um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins þar sem við skoðun komu í ljós frávik frá reglunum. Eðlilegra er að kostnaður vegna einnar og sömu ferðarinnar sé gerður upp á einum ferðareikningi en við skoðun kom í ljós að í einhverjum tilvikum voru gerðir tveir ferðareikningar vegna sömu ferðar. Almennt er ekki greiddur gistikostnaður á ferðum erlendis en það var gert í örfáum tilvikum hjá stofnuninni á árinu 2018 og þá voru ferðareikningar ekki sérstaklega samþykktir af forstjóra.

#### 5.1.2 Risna

Engir reikningar voru bókaðir á risnu né risnu til starfsmanna á árinu 2018. Bent er á að eðlilegt er að greiddur kostnaður við heimsóknir og gestaboð samkvæmt sundurliðuðum reikningi t.d. frá veitingahúsum sé bókaður á risnu. Forstjóri skal samþykkja risnu og tilgreina tilefni risnu á reikningi eða á fylgiblaði með reikningi.

#### 5.1.3 Opinber innkaup

Ekki eru til skráðar verklagsreglur um innkaup hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands og innkaupastefna hefur ekki verið sett fyrir stofnunina. Rammasamningar Ríkiskaupa eru notaðir eins og hægt er en annars leitað hagstæðustu tilboða.

#### 5.1.4 Innkaupakort

Heilbrigðisstofnun Suðurlands nýtir innkaupakort og eru nokkrir starfsmenn með slíkt kort. Innkaupakortin eru aðallega notuð til minniháttar kaupa á vöru og þjónustu. Reikningar eru staðfestir af viðkomandi yfirmanni og framkvæmdastjóra fjármála.

#### 5.1.5 Láns- og reikningsviðskipti

Heilbrigðisstofnun Suðurlands er ekki með samninga um kaupleigu- eða fjármögnunarleigu en er með bifreiðar á rekstrarleigu. Á árinu 2018 voru 26,7 m.kr. greiddar fyrir rekstrarleigu bifreiða. Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands voru 25 bifreiðar á rekstrarleigu á árinu 2018.

#### 5.1.6 Styrkir

Stofnunin veitti styrki að fjárhæð 108 þús. kr. á árinu 2018. Styrkirnir voru gjaldfærðir og skuldfærðir fyrir greiðslu.

Haldið er utan um fengna styrki í sérstökum gjafasjóði, Styrktar- og gjafasjóði Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Sjóðurinn hefur eigin kennitölu. Ekki hefur verið haldið utan um sjóðinn með nægjanlega skipulegum hætti, þar með talið úthlutanir úr honum, og ekki hafa verið gefnir út ársreikningar fyrir sjóðinn. Á árinu 2019 var unnið yfirlit sem sýnir gjafir ársins 2018 og

2019. Stofnsamþykkt um sjóðinn frá 2. nóvember 2015 hefur verið send lögfræðingi til umsagnar og unnið er að því að sjóðurinn verði skráður sem sjóður með skipulagsskrá.

### 5.1.7 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Stofnunin er með virðisaukaskattsskylda starfsemi vegna eldhúss sjúkrahússins á Selfossi og vegna apóteka við heilsugæslustöðvarnar í Vík og á Kirkjubæjarklaustri. Bókun og kóðun reikninga sem bera virðisaukaskatt eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Uppgjör vegna endurgreidds virðisaukaskatts til stofnana var ekki gert upp með reglubundnum hætti á árinu 2018. Úr því hefur verið bætt á árinu 2019

## 5.2 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en að stofnunin fylgi í meginatriðum lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald hjá ríkisstofnunum. Bent er á eftirfarandi þætti sem þarf að taka til skoðunar hjá stofnuninni:

Mælst er til að stofnunin setji fram innkaupastefnu fyrir stofnunina og setji sér skriflegar reglur um innkaup.

Bæta þarf uppgjör og frágang ferðareikninga vegna ferða erlendis.

Mælst er til að vinnu verði hraðað þannig að Styrktar- og gjafasjóður Heilbrigðisstofnunar Suðurlands verði sem fyrst sjóður með skipulagsskrá.

## 6 Endurskoðun rekstrarliða

Tafla 2 Rekstraryfirlit 2018

Í þús.kr.	2018	2017	Breyting
<b>Tekjur:</b>			
Seld þjónusta	634.667	615.434	19.233
Vörusala	90.185	81.538	8.647
Framlög og ýmsar tekjur	22.007	307.976	-285.969
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	50.648	44.696	5.952
<b>Alls tekjur</b>	<b>797.508</b>	<b>1.049.644</b>	<b>-252.136</b>
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	4.050.768	3.854.809	195.959
Orlofsskuldbinding	11.692	46.863	-35.170
Aðkeypt þjónusta, ferðakostnaður og akstur	802.133	671.875	130.258
Vörukaup	358.518	325.195	33.323
Leigugjöld, verkkaup, opinber gjöld o.fl.	715.391	944.521	-229.130
Vörur til endursölu og birgðabreyting	44.141	46.820	-2.679
Eignakaup, fyrningar	50.648	44.696	5.952
Tapaðar kröfur, fjármagnsliðir	7.542	7.473	69
<b>Alls gjöld</b>	<b>6.033.290</b>	<b>5.934.777</b>	<b>98.513</b>

Samkvæmt yfirliti um afkomu ársins 2018 námu tekjur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands að frátöldu framlagi ríkissjóðs 797,5 m.kr. og gjöld að meðtöldum fjármagnsliðum námu 6.033,3 m.kr., sjá sundurliðun í töflu 2.

### 6.1 Sértekjur

Sértekjur námu 797,5 m.kr. og lækkuðu um 252,1 m.kr. Lækkun milli ára skýrist af því að innbyrðis viðskipti voru ekki tekin út úr uppgjöri ársins 2017. Vaxtatekjur námu 2,4 m.kr. á árinu 2018. Frá og með árinu 2017 er tekjufærsla fjárfestingarframlags gerð í tengslum við innleiðingu LOF.

Seld þjónusta nam 634,7 m.kr. á árinu 2018 en um er að ræða tekjur vegna rannsóknna 279,9 m.kr., komugjalda og annarrar þjónustu 167,3 m.kr. og útseldrar læknisþjónustu 67,3 m.kr. Vörusala nam 90,2 m.kr. á árinu 2018 sem eru að stórum hluta endurgreiðslur frá Sjúkratryggingum Íslands vegna S-merktra lyfja auk þess að greiðslur fyrir daggjöld í hjúkrunarrýmum námu 19,2 m.kr. á árinu 2018. Framlög og ýmsar tekjur námu 22,0 m.kr. sem eru að mestu leyti greiðslur vegna aðstöðugjalds lækna.

Við innheimtu tekna eru aðallega notuð tvö tekjuskráningarkerfi þ.e. Sögukerfið vegna læknisþjónustu og TBR kerfið vegna reikningagerðar. Uppgjör úr Sögukerfinu eru grundvöllur tekjuskráningar í fjárhagsbókhaldi og samanstanda af staðgreiðslu, kortaviðskiptum og lánsviðskiptum. Reikningar eru aðallega gerðir í TBR kerfinu en í einhverjum tilvikum eru reikningar einnig gerðir í DK kerfinu og í afmörkuðum tilvikum er tekjuskráningu haldið utan tekjuskráningarkerfa. Mikilvægt er að allar tekjur séu skráðar í viðurkennd tekjuskráningarkerfi.

Ríkisendurskoðun telur að heppilegra væri fyrir stofnunina að nota AR kerfi Orra við útgáfu allra reikninga og hvetur til þess að það verði skoðað.

Mikilvægt er að haldið sé utan um samninga sem liggja til grundvallar innheimtu m.a. í málaskrá stofnunarinnar til að tryggja að reikningar séu gerðir á grundvelli þeirra.

## 6.2 Launagjöld

Launagjöld voru endurskoðuð með fyrirspurnum og greiningum. Ekki var gerð úrtaksskoðun á launum ársins 2018. Heildarlaun námu 4.062,5 m.kr. á árinu 2018 samanborið við 3.901,7 m.kr. á árinu 2017 sem er hækkun um 4,1% milli ára. Ársverk voru 326 og hafði fjölgað um tæp 19 frá árinu á undan. Heildarlaun á ársverk voru því um 2,2% lægri en árið á undan.

Fjársýsla ríkisins sér um útreikning launa en launaafgreiðsla fer fram innan stofnunarinnar. Að baki launagreiðslum eru ráðningarsamningar og skráning í rafrænt tímaskráningarkerfi, Vinnustund. Breytingar á ráðningarsamningum eru gerðar með formlegum hætti á þar til gert eyðublað sem handhafar ráðningarvalds undirrita. Akstur starfsmanna er greiddur í samræmi við akstursdagbók. Mannauðsstjóri sér um að gera ráðningarsamninga við starfsmenn en framkvæmdastjórar viðkomandi sviða undirrita þá í umboði forstjóra. Tímaskráningarkerfi er notað til að halda utan um viðveru og fjarveru starfsmanna og mánaðarlega er orlofsskuldbinding færð í HR kerfið í samræmi við skráningu í Vinnustund.

Til eru verklagsreglur vegna hluta launaafgreiðslunnar eins og t.d. vegna starfsloka starfsmanna. Verið er að vinna að verklagsreglum um launaafgreiðslu stofnunarinnar í tengslum við jafnlaunavottun.

## 6.3 Önnur rekstrargjöld

Önnur rekstrargjöld voru endurskoðuð með fyrirspurnum og greiningum. Önnur rekstrargjöld námu 1.982,5 m.kr. samanborið við 2.079,9 m.kr. árið áður. Á árinu 2017 var hluti innbyrðis viðskipta ekki tekinn út við uppgjör og skekkir því samanburð milli ára. Stærstu einstöku liðir annarra rekstrargjalda á árinu 2018 voru 331,9 m.kr. framlag til Sveitarfélagsins Hornafjörður sem sér um rekstur heilbrigðisþjónustu á Suðausturlandi, kaup á lækniþjónustu 320,3 m.kr., kaup á rannsóknastofuþjónustu 243,5 m.kr., húsaleigugreiðslur 223,2 m.kr. og kaup á lyfjum 119,2 m.kr.

## 6.4 Niðurstöður/ábendingar

Eftirfarandi ábendingar eru gerðar vegna tekjuskráningar hjá stofnuninni:

Ríkisendurskoðun hvetur til þess að skoðað verði hvort ekki henti betur að nota AR kerfi Orra við útgáfu allra reikninga.

Mikilvægt er að haldið sé utan um samninga sem liggja til grundvallar innheimtu m.a. í málaskrá til þess að tryggja að reikningar séu gerðir.

## 7 Endurskoðun efnahagsliða

Tafla 3 Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Í þús.kr.	31.12 2018	31.12 2017	Breyting
<b>Eignir:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir	295.556	256.475	39.081
Birgðir	21.166	14.013	7.153
Viðskiptakröfur	55.942	59.379	-3.437
Tengdir aðilar	338.074	462.973	-124.899
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	20.167	613	19.554
Vörslufé	57.965	855	57.110
Handbært fé	111.984	4.278	107.705
<b>Eignir alls</b>	<b>900.854</b>	<b>798.587</b>	<b>102.267</b>
<b>Eigið fé og skuldir:</b>			
Höfuðstóll	-106.668	9.015	-115.683
Tengdir aðilar	83.372	19.088	64.284
Viðskiptaskuldir	141.213	126.179	15.034
Ýmsar skammtímaskuldir	393.559	386.974	6.586
Vörslufé	57.965	855	57.110
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	331.412	256.475	74.936
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>900.854</b>	<b>798.587</b>	<b>102.267</b>

Í árslok 2018 námu eignir 900,9 m.kr., skuldir námu 1.007,5 m.kr. og höfuðstóll var neikvæður um 106,7 m.kr.

### 7.1 Eignir

#### 7.1.1 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Eignir eru skráðar í eignaskrárkerfi Orra. Óútskýrður mismunur er milli eignaskrárkerfisins (FA) og fjárhagsbókhalds (GL) en eignir í eignaskrárkerfi eru 2,8 m.kr. hærri en í fjárhagsbókhaldi. Afskriftahlutfall er á bilinu 10-33,33%.

Á árinu 2018 var fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum 93,2 m.kr., að meðtöldum gjöfum til fjárfestinga 27,9 m.kr., sem kemur til hækkunar á eignum. Afskriftir til lækkunar námu 50,7 m.kr. og bókfært verð seldra eigna nam 3,5 m.kr.

#### 7.1.2 Birgðir

Verðmæti vörubirgða í árslok 2018 nam 21,2 m.kr. samkvæmt niðurstöðu bókhalds og hækkaði um 7,2 m.kr. frá árslokum fyrra árs. Birgðalistar voru undirritaðir af innkaupastjóra eða öðrum aðilum sem sjá um birgðahald og voru birgðalistarnir í samræmi við bókhald í árslok 2018. Æskilegt væri að starfsmenn á skrifstofu forstjóra kæmu að og staðfestu talningu í árslok ásamt innkaupastjóra og öðrum aðilum sem sjá um birgðahald.

### 7.1.3 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur námu 55,9 m.kr. í árslok 2018 en þar af voru um 42,6 m.kr. bókaðar í TBR.

Mismunur á stöðu viðskiptakrafna í fjárhagsbókhalda GL og viðskiptamannabókhalda TBR skýrist af ólíkri lotun kerfanna um áramót, samanber afstemmingu Fjársýslunnar milli kerfa. Til lækkunar á viðskiptakröfum voru færðar óbeinar afskriftir 16,2 m.kr.

Við skoðun einstakra krafna kom í ljós að töluvert er um eldri útistandandi kröfur. Í einhverjum tilvikum hefur verið sótt um afskriftarheimildir til Ríkisendurskoðunar vegna krafna sem ekki hefur tekist að innheimta og verða þær kröfur afskrifaðar á árinu 2019. Meðal viðskiptakrafna er 17,7 m.kr. krafa á Sjúkratryggingar Íslands vegna erlendra ferðamanna innan ESB-svæðisins sem njóta þjónustu heilbrigðisstofnunarinnar. Krafan er færð á gervikennitölu í bókhalda stofnunarinnar. Ekki er haldið sérstaklega utan um kröfuna í bókhalda stofnunarinnar né með öðrum hætti þannig að ekki er hægt að fá upplýsingar um hvernig krafan er samsett eða frá hvaða tíma einstakir hlutar hennar eru og þar með hversu líklegt er að krafan innheimtist. Nauðsynlegt að haldið verði utan um kröfuna þannig að ljóst sé hvaða hluti kröfunnar er útistandandi hverju sinni.

Meðal viðskiptakrafna er færð til skuldar staða vegna menntunarsjóðs ljósmæðra að fjárhæð 7,4 m.kr. Um er að ræða menntunarsjóð ljósmæðra Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og er samkomulag við ljósmæðurnar um að stofnunin haldi eftir þeim hluta launatengdra gjalda sem renna á í menntunarsjóðinn. Eðlilegt væri að slíkar greiðslur færu til stéttarfélags ljósmæðra sem sæi um úthlutun úr menntunarsjóðnum. Í þessu tilviki er hins vegar samkomulag milli aðila um að stofnunin sjálf haldi utan um menntunarsjóð ljósmæðra. Á árinu 2019 hefur verið ákveðið að stofna vörslureikning til að halda utan um framlag í sjóðinn auk þess að skýrari reglur verða settar um úthlutun úr sjóðnum. Ríkisendurskoðun telur að

þessar breytingar séu til bóta en nauðsynlegt er að halda sjóðnum utan við eiginlegan rekstur stofnunarinnar.

Ekki er gerð afstemming vegna kortaviðskipta þ.e. á viðskiptareikningi stofnunarinnar við kortafyrirtæki. Í lok árs 2018 var staða við kortafyrirtæki um 11,5 m.kr. Nauðsynlegt er að afstemming verði gerð á viðskiptum við kortafyrirtæki.

### 7.1.4 Tengdir aðilar

Kröfur vegna tengdra aðila námu 338,1 m.kr. í árslok 2018 samanborið við 463,0 m.kr. í árslok 2017. Staða gagnvart ríkissjóði var 648 þús. kr. til skuldar samanborið við 100,3 m.kr. skuldastöðu í árslok 2017

Eignfærsla hjá ríkissjóði vegna orlofsskuldbindinga var gerð í árslok 2017 nam um 335,0 m.kr. og hefur ekki breyst. Eignfærslan var gerð samkvæmt fyrirætlum Fjársýslu ríkisins.

Meðal krafna sem færðar eru á tengda aðila eru óuppgerðar stöður að fjárhæð 2,8 m.kr. og 257 þús. kr. Óskað er eftir að stöðurnar verði gerðar upp í bókhalda stofnunarinnar á árinu 2019 og viðeigandi leiðréttingar gerðar.

### 7.1.5 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður í árslok 2018 var vegna kröfu um endurgreiðslu á virðisaukaskatti samtals að fjárhæð 20,2 m.kr. Á árinu 2019 hefur verið unnið að því að leiðrétta og gera upp endurgreiddan virðisaukaskatt og hefur stór hluti hans nú fengist greiddur. Áréttað er að uppgjör og afstemmingar verði framvegis sett í fastan farveg hjá stofnuninni.



### 7.1.6 Vörslufé

Vörslufé sem fært er til eignar og skuldar í bókhaldi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands nam 58,0 m.kr. í árslok 2018. Um er að ræða inneign á tveimur bankareikningum á kennitölu Styrktar- og gjafasjóðs Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Stofnsamþykkt sjóðsins er frá 2. nóvember 2015 og samkvæmt henni er stjórn sjóðsins skipuð framkvæmdastjórn stofnunarinnar á hverjum tíma. Unnið er að því að fá sjóðinn skráðan sem sjóð með skipulagsskrá. Staða bankayfirlits var í samræmi við stöðu í bókhaldi í árslok.

### 7.1.7 Handbært fé

Handbært fé nam 112,0 m.kr. í árslok 2018 en var 4,2 m.kr. í árslok 2017.

Sjóðir eru samtals kr. 399 þús. kr. í árslok 2018. Staða er í samræmi við sjóðstalningar í árslok 2018 en um er að ræða sjóði á Selfossi, Vestmannaeyjum og á heilsugæslustöðvum.

Staða bankareikninga í fjárhagsbókhaldi var 111,6 m.kr. í árslok 2018. Staðfestingarbréf vegna bankareikninga voru send til fjögurra viðskiptabanka. Í bókhaldi stofnunarinnar voru átta bankareikningar skráðir, þar af fjórir í Landsbankanum, þrír í Arion banka og einn í Íslandsbanka. Staðfestingarbréf leiddu í ljós að fjórir bankareikningar til viðbótar voru skráðir á kennitölu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands eða kennitölur tengdar henni, þar af þrír í Landsbankanum og einn í Arion banka án þess að vera skráðir í fjárhagsbókhald stofnunarinnar. Bankareikningur í Arion banka var nýr bankareikningur með enga stöðu um síðustu áramót en hann var tekinn í notkun á árinu 2019 og skráður í fjárhagsbókhald. Skýringar fengust á tilvist þriggja bankareikninga í Landsbankanum. Í einu tilviki er um að ræða gjaldeyrisreikning sem notaður er við innheimtu erlendra tekna og ótvírætt þarf að skrá í fjárhagsbókhald stofnunarinnar. Óskað er eftir að farið verði yfir óskráða bankareikninga og þeir færðir í fjárhagsbókhald stofnunarinnar eða þeim lokað ef þeir eru ekki hluti af starfsemi stofnunarinnar. Skoða þarf hvort ekki sé eðlilegra að færa bankareikning í Arion banka með stöðu

202.649 kr. sem vörslufé ef um gjafafé er að ræða. Jafnframt þarf að fara yfir aðgang starfsmanna að bankareikningum stofnunarinnar og loka óviðeigandi aðgangi.

Afstemmingar voru gerðir á bankareikningum í árslok 2018. Mismunur var á stöðu aðalbankareiknings stofnunarinnar samkvæmt banka og bókhaldi. Samkvæmt afstemmingu skýrist hann af mismun af óbókfærðum innborgunum bæði í banka og í fjárhagsbókhaldi.

Í tveimur tilvikum eru bankareikningar skráðir á eldri kennitölur þ.e. kennitölur stofnana áður en þær voru sameinaðar í Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Færa þarf umrædda bankareikninga á kennitölu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Óskað er eftir að tekið verði til skoðunar að afskrá eldri kennitölur stofnunarinnar.

## 7.2 Eigið fé og skuldir

### 7.2.1 Höfuðstóll

Í lok árs 2018 var eigið fé neikvætt um 106,7 m.kr. sem skýrist af því að afkoma ársins var neikvæð um 115,7 m.kr. á árinu. Eigið fé var jákvætt um 9,0 m.kr. í upphafi árs.

### 7.2.2 Tengdir aðilar

Í lok árs 2018 var skuld við tengda aðila 83,4 m.kr. Að stórum hluta er um að ræða viðskiptastöðu við Landspítalann auk ógreidds framlags um áramót vegna samnings um heilbrigðisþjónustu á Suðausturlandi. Framlagið var greitt á árinu 2019. Ekki er fyrirbyggjandi afstemming vegna viðskipta við Landspítalann og er stofnunin hvött til að vinna slíka afstemmingu.

### 7.2.3 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir námu 141,2 m.kr. í árslok 2018. Ógreidd gjöld í viðskiptamannabókhaldi, AP námu 139,5 m.kr.

Enginn mismunur er á stöðu ógreiddra gjalda í AP og GL þar sem mismunur á stöðu milli AP og GL var færður á gervikennitölu meðal viðskiptakrafna. Um er að ræða kreditstöðu að fjárhæð 600 þús. kr. sem gera þarf upp. Ógreidd gjöld voru greidd í upphafi árs 2019.

#### 7.2.4 Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir námu 393,6 m.kr. í árslok 2018 og hækkuðu um 6,6 m.kr. Um er að ræða skuld vegna orlofsskuldbindingar í árslok 2018 en skuldbindingin hækkaði um 11,8 m.kr. frá fyrra ári.

Frá og með árinu 2017 er orlofsskuldbinding gjaldfærð í rekstrarreikningum stofnana í A-hluta til samræmis við LOF. Á móti kemur skuldfærsla í efnahagsreikningi. Orlofsskuldbinding er færð mánaðarlega í fjárhagsbókhaldi stofnunarinnar.

#### 7.2.5 Vörslufé

Vörslufé sem fært er til eignar og skuldar í bókhaldi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands nam 58,0 m.kr. í árslok 2018, sjá nánar umfjöllun í kafla 7.1.6.

#### 7.2.6 Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda

Á árinu 2017 var byrjað að færa fyrirframgreiddar tekjur eða frestun tekjufærslu vegna fjárveitingar til fjárfestinga í framhaldi af þeirri breytingu samkvæmt LOF að gjaldfæra einungis afskriftir af varanlegum rekstrarfjármunum. Fram til ársins 2017 voru kaup á eignum svo sem húsbúnaði, tækjabúnaði, tölum og stærri eignum svo sem bifreiðum og fasteignum gjaldfærðar hjá stofnunum í A-hluta á kaupári og fjárveiting til kaupanna tekjufærð á sama ári. Frá og með 2017 eru slík kaup eignfærð og reiknaðar árlegar afskriftir af eignum. Þær fjárveitingar sem eru til kaupanna

eru því færðar skuldamegin í efnahagsreikningi að frádregnum þeim fjárheimildum sem eru færðar í rekstrarreikning á móti afskriftum.

Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda nam 331,4 m.kr. í árslok 2018 samanborið við 256,5 m.kr. í lok síðasta árs sem er hækkun um 74,9 m.kr. Fjárfestingarheimild ársins 2018 nam 96 m.kr. að meðtöldum heimildum til afskrifta 51 m.kr. Gjafir til fjárfestinga námu 27,9 og söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum 1,7 m.kr. Til lækkunar kom tekjufærsla frestaðra tekna í formi afskrifta að fjárhæð 50,6 m.kr.

### 7.3 Niðurstöður/ábendingar

Taka þarf eftirfarandi atriði til skoðunar:

Fara þarf yfir bankareikninga og skrá bankareikninga sem ekki eru skráðir fjárhagsbókhald eða loka reikningum ef þeir eru ekki hluti af starfsemi stofnunarinnar. Jafnframt þarf að fara yfir aðgang starfsmanna að bankareikningum og loka óviðeigandi aðgangi

Setja þarf vinnu í að stemma af og gera upp einstakar viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir en töluvert er um útistandi stöður í viðskiptamannabókhaldi stofnunarinnar.

## 8 Önnur atriði

### 8.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands var samþykktur af forstjóra stofnunarinnar 2. júlí 2019. Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af forstjóra og settum fjármálastjóra stofnunarinnar 2. júlí 2019.

### 8.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi en samkvæmt upplýsingum forstjóra, meðal annars í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina.

### 8.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

### 8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands var undirritað af ríkisendurskoðanda og forstjóra 30. maí 2017.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)